# 243. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÁNUDAGUR 1. FEBRÚAR 2016 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

## FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

2. Fjármál

a) Rekstraráætlanir Biskupsstofu, Kirkjumálasjóðs og Kristnisjóðs fyrir árið 2016.
b) Ársreikningur Kristnisjóðs 2015.
c) Jöfnunarsjóður sókna.
d) Hinn almenni kirkjusjóður.

3. Innra eftirlit og nefnd um launamál.

4. Önnur mál

a) Kauptilboð í Laugaveg 31.
b) Skimun presta og starfsfólks kirkjunnar.

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Biskup setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 242. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

## 2. FJÁRMÁL

*a) Rekstraráætlanir Kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs og Biskupsstofu fyrir árið 2016.*
Kirkjuráð samþykkti að gera sérstaka rekstraráætlun fyrir Kristnisjóð þar sem styrkveitingar úr sjóðnum verða bókaðar í bókhaldi Kristnisjóðs frá 1. janúar 2016.

Kirkjuráð samþykkti að gera sérstaka rekstraráætlun fyrir Kirkjumálasjóð þar sem úthlutanir úr sjóðnum verða bókaðar í bókhaldi Kirkjumálasjóðs frá 1. janúar 2016.

Kirkjuráð samþykkti að samþykkja sérstaklega rekstraráætlun Biskupsstofu þar sem rekstur Biskupsstofu verður bókfærður í bókhaldi Biskupsstofu frá 1. janúar 2016.

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi rekstraráætlun **Kirkjumálasjóðs 2016:**

**Rekstraráætlun Kirkjumálasjóðs 2016**

| | |
|---|---|
| **Áætlaður tekjuafgangur** | **0** |
| **Tekjur** | **405.993.000** |
| **Gjöld** | **405.993.000** |
| | |
| **TEKJUR** | **405.993.000** |
| **Fjárveiting á fjárlögum** | **298.000.000** |
| Kirkjumálasjóður skv. lögum nr. 138/1993 | 298.000.000 |
| **Leigutekjur** | **78.750.000** |
| Húsaleiga og kostnaðarhlutdeild Kgsj. | 1.300.000 |
| Húsaleiga og kostnaðarhl. Skálholtsútg. | 4.200.000 |
| Húsaleiga Tónskólans | 1.000.000 |
| Húsaleiga vegna prestssetra og biskupssetra | 40.800.000 |
| Húsaleiga vegna Laugavegar 31, Biskupsstofa | 14.400.000 |
| Húsaleiga vegna Skálholts | 1.050.000 |

| | |
|---|---|
| Aðrar leigutekjur | 8.000.000 |
| Lóða og landréttindaleiga | 8.000.000 |
| **Aðrar tekjur** | **27.743.000** |
| Fjölskylduþjónustan - (fors. 600 viðtöl @ kr. 4.000,-) | 2.400.000 |
| Kostnaðarhlutdeild Kirkjugarðasjóðs í skrifstofukostnaði | 4.000.000 |
| Kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs sókna í skrifstofukostnaði | 7.000.000 |
| Kostnaðarhlutdeild Strandarkirkju í skrifstofukostnaði | 200.000 |
| Kostnaðarhlutdeild Tónskólans í skrifstofukostnaði | 200.000 |
| Kostnaðarhlutdeild Skálholts í skrifstofukostnaði | 500.000 |
| Kostnaðarhlutdeild Kristnisjóðs í skrifstofukostnaði | 1.743.000 |
| Kostnaðarhlutdeild Hins ísl. Biblíufél. | 700.000 |
| Kostnaðarhlutdeild BISK fyrir UTmál | 11.000.000 |
| **Vaxtatekjur** | **1.500.000** |
| | |
| **GJÖLD** | **405.993.000** |
| **Kirkjumálasjóður launagjöld** | **80.000.000** |
| **Kirkjumálasjóður - framlög** | **40.000.000** |
| Styrkur vegna kirkjutónlistarmála (Tónskóli þjóðkirkjunnar) | 30.000.000 |
| Samkomul. v. skuldaniðurf.v. Skálholts | 10.000.000 |
| **Kirkjuþing** | **32.700.000** |
| Kirkjuþing - almennur rekstur | 30.000.000 |
| Kirkjuþing - forsætisnefnd | 500.000 |
| Kirkjuþing - allsherjarnefnd | 500.000 |
| Kirkjuþing - fjárhagsnefnd | 500.000 |
| Kirkjuþing - laganefnd | 500.000 |
| Kirkjuþing - kirkjuþing unga fólksins | 700.000 |
| **Kirkjuráð** | **22.000.000** |
| Kirkjuráð - almennur rekstur | 19.000.000 |
| Kirkjuráð - fjármálahópur | 1.000.000 |
| Kirkjuráð - lagahópur | 1.000.000 |
| Kirkjuráð - kirkjumálahópur | 1.000.000 |
| **Fjármálasvið** | **4.243.000** |
| Fjármálasvið - lífeyrishækkanir | 1.700.000 |
| Fjármálasvið - bóka og skjalasafn | 200.000 |
| Fjármálasvið - endurmenntun og starfsþróun | 1.000.000 |
| Fjármálasvið - starfsþjálfun djákna- og prestsefna | 843.000 |
| Fjármálasvið - framlag til starfsmannafélags | 500.000 |
| **Fjölskylduþjónusta kirkjunnar** | **29.800.000** |
| Fjölskylduþjónustan | 26.000.000 |
| Fjölskylduþjónustan - almenn starfsemi | 1.300.000 |
| Fjölskylduþjónustan - handleiðsla | 2.500.000 |
| **Upplýsingatækni** | **19.300.000** |
| Vettvangsþjónusta | 2.400.000 |
| Símkerfi | 1.250.000 |
| Tölvu- og netkerfi, rekstur | 3.950.000 |
| Vefþjónar og Lén | 830.000 |

| | |
|---|---|
| Póstur | 1.800.000 |
| Tölvukerfi v. Fjársýslu | 2.170.000 |
| Skjalavistunarkerfi | 1.650.000 |
| Þjóðskrá | 2.200.000 |
| Tækjakaup | 2.550.000 |
| Keypt vinna | 500.000 |
| **Kirkjumálasjóður - fasteignir og vaxtakostnaður** | **157.000.000** |
| Fasteignir alls | 132.000.000 |
| Vaxtakostnaður | 25.000.000 |
| **Nefndastörf** | **17.450.000** |
| Úrskurðarnefnd | 1.000.000 |
| Áfrýjunarnefnd | 500.000 |
| Kenningarnefnd | 300.000 |
| Þóknananefnd | 300.000 |
| Launanefnd þjóðkirkjunnar | 1.000.000 |
| Valnefndir | 1.000.000 |
| Kjörstjórn o.fl. vegna prestskosninga | 1.000.000 |
| Fagráð um meðferð kynferðisafbrota | 300.000 |
| Jafnréttisnefnd | 400.000 |
| Æskulýðsnefnd | 400.000 |
| Djáknanefnd | 50.000 |
| Samkirkjunefnd | 300.000 |
| Þjóðmálanefnd | 300.000 |
| Helgisiðanefnd | 300.000 |
| Handbókarnefnd | 300.000 |
| Strandakirkjunefnd | 300.000 |
| Períkópunefnd | 300.000 |
| Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd | 300.000 |
| Ellimálanefnd | 300.000 |
| Hópslysanefnd | 1.200.000 |
| Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga | 300.000 |
| Samstarfsvettvangur trúarbragðanna | 400.000 |
| Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar | 4.000.000 |
| Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar | 500.000 |
| Starfshópur um stefnumótun stjórnsýslunnar | 600.000 |
| Viðræðunefnd um kirkjujarðasamkomulagið | 500.000 |
| Nefnd um fjölgun meðlima í þjóðkirkjunni | 500.000 |
| Nefnd um breyt. á starfsr. um kjör til Kirkjuþings | 300.000 |
| Skólaráð Skálholtsskóla | 500.000 |
| **Stefnur** | **3.500.000** |
| Biskup Íslands - prestastefna | 3.000.000 |
| Biskup Íslands - leikmannastefna | 500.000 |

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi rekstraráætlun **Kristnisjóðs 2016**:

## Kristnisjóður rekstraráætlun 2016

| | |
|---|---|
| **Áætlaður tekjuafgangur** | **481.000** |
| **Tekjur** | **71.400.000** |
| **Gjöld** | **70.919.000** |

| **Tekjur** | |
|---|---|
| Kristnisjóður skv. lögum nr. 35/1970 fjárlög 2016 | **71.400.000** |

| | |
|---|---|
| **Styrkveitingar** | **53.000.000** |
| **Helgihald og kirkjutónlist - styrkir** | **11.000.000** |
| Guðbrandsstofnun | 1.500.000 |
| Helgihald í Skálholti | 9.000.000 |
| Kolaportsmessur | 200.000 |
| Enskar messur | 300.000 |
| **Þjónustusvið** | **16.176.000** |
| **Fræðsla** | ***10.000.000*** |
| Fræðsla almenn starfsemi - Fræðsluþing | 300.000 |
| Fræðsla - haustnámskeið | 200.000 |
| Fræðsla - efnisgerð - efnisveita | 500.000 |
| Fræðsla - efnisgerð - útgáfa | 4.276.000 |
| Fræðsla - samstarfs og samráðsnámskeið | 200.000 |
| Fræðsla - farskóli leiðtogaefna og grunnnámskeið | 300.000 |
| Fræðsla - starfsmannaþjálfun kirkjunnar | 1.000.000 |
| Fræðsla - fullorðinsfræðsla | 450.000 |
| Fræðsla - fermingarfræðsla | 2.074.000 |
| Fræðsla - um viðbrögð þegar greint er frá kynferðisbroti | 700.000 |
| **Kærleiksþjónusta** | ***800.000*** |
| Kærleiksþjónusta - almenn starfsemi | 180.000 |
| Kærleiksþjónusta - djáknar | 300.000 |
| Kærleiksþjónusta - sálgæsla | 50.000 |
| Kærleiksþjónusta - heimsóknarþjónusta | 190.000 |
| Kærleiksþjónusta - hjálparstarf og kristniboð | 80.000 |
| **Samkirkjumál** | ***5.376.000*** |
| Samkirkjumál - almennt | 400.000 |
| Samkirkjumál - Porvoo | 200.000 |
| Samkirkjumál - Wicas | 500.000 |
| Samkirkjumál - LWF | 1.750.000 |
| LWF v/heimsþings 2017 | 500.000 |
| LWF endowment fund | 100.000 |
| Samkirkjumál - CEC | 505.000 |
| Samkirkjumál - annað | 220.000 |
| Samkirkjumál - WCC | 1.200.000 |

| | |
|---|---|
| Samkirkjumál - aðildargjöld annað | 1.000 |
| **Fræðslumál - styrkir** | **19.000.000** |
| Samningur við Guðfræði- og trúarbragðadeild | 4.100.000 |
| Kirkjumiðstöðin Holti | 600.000 |
| Kirkjumiðstöðin Reykholti | 600.000 |
| Fræðslusjóður Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis | 600.000 |
| Kirkjumiðstöð Austurlands | 600.000 |
| Kirkjumiðstöð Vestmannsvatn, æskulýðsstarf | 600.000 |
| Löngumýri í Skagafirði rekstrarkostnaður | 6.500.000 |
| Kristileg skólahreyfing | 200.000 |
| Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar Landsmót | 900.000 |
| Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar rekstur | 4.000.000 |
| Kvennaathvarfið | 300.000 |
| **Kærleiksþjónusta, hjálparstarf og boðun - styrkir** | **12.700.000** |
| Kirkja heyrnalausra (safnaðarstarf) | 500.000 |
| Hjálparstarf kirkjunnar | 9.500.000 |
| Samband íslenskra kristniboðsfélaga | 1.200.000 |
| Túlkaþj. og nám f.prest heyrnarl. | 1.500.000 |
| **Menning - styrkir** | **9.200.000** |
| Útgáfa á nýrri sálmabók | 7.200.000 |
| Kirkjur Íslands (samningur) | 1.500.000 |
| Hið Íslenska Biblíufélag | 500.000 |
| **Prests- og djáknaþjónusta - styrkir** | **1.100.000** |
| Kvennakirkjan | 200.000 |
| Samstarfsverkefni Laugarnesk. og Biskupsst. Djáknastaða | 900.000 |
| **Umsýslukostnaður - KMSJ** | **1.743.000** |
| Kostnaðarhlutdeild til KMSJ | 1.743.000 |

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi rekstraráætlun **Biskupsstofu 2016**:

| **Rekstraráætlun Biskupsstofu 2016** | |
|---|---|
| **Áætluð afkoma** | **15.436.000** |
| **TEKJUR** | **1.980.500.000** |
| Endurgjald samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi 2016 | **1.980.500.000** |
| **GJÖLD** | **1.965.064.000** |
| **Laun alls** | **1.905.364.000** |
| Prestar og prófastar laun og launatengd gjöld | 1.515.200.000 |
| Launakostnaður Biskupsstofu sem greiddur er úr Fjs. | 234.524.000 |
| Endurgreiðsla úr kirkjumálasjóði vegna útlagðra launa | -80.000.000 |
| Launakostnaður biskup Íslands og vígslubiskupa | 44.040.000 |
| Endurgreiðsla vegna launa úr jöfnunarsjóði | -10.000.000 |
| Náms- og veikindaleyfi | 63.600.000 |
| Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófasta | 138.000.000 |
| **Rekstrarkostnaður biskups Íslands og vígslubiskupa** | **13.000.000** |
| Biskup Íslands - biskup Íslands – rekstrarkostnaður | 6.000.000 |

| | |
|---|---:|
| Biskup Íslands - vígslubiskup í Skálholti – rekstrark.<br>Biskup Íslands - vígslubiskup á Hólum – rekstrark.<br>Biskup Íslands – biskupafundur<br>Biskup Íslands – prófastafundur | 3.000.000<br>2.000.000<br>1.000.000<br>1.000.000 |
| **Almennur rekstur** | **46.700.000** |

*b) Ársreikningur Kristnisjóðs 2015.*
Kirkjuráð samþykkti ársreikning Kristnisjóðs 2015. Einnig var lögð fram endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar en þar segir m.a.: „*Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Kristnisjóðs á árinu 2015, efnahag 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.*“

*c) Jöfnunarsjóður sókna.*
Kirkjuráð samþykkti að veita Skógarmönnum KFUM vegna byggingar í Vatnaskógi styrk að fjárhæð 5 m.kr. úr Jöfnunarsjóði sókna.
Kirkjuráð samþykkti að veita kirkjumiðstöðinni á Eiðum styrk að fjárhæð 2,4 m.kr. úr Jöfnunarsjóði sókna.

*d) Hinn almenni kirkjusjóður.*
Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að skoða lög um hinn almenna kirkjusjóð með það fyrir augum að finna sjóðnum ný verkefni.

## 3. INNRA EFTIRLIT OG NEFND UM LAUNAMÁL

Ríkisendurskoðun hefur boðist til að aðstoða við að fara yfir ferla innra eftirlits. Vinnan hefst ekki fyrr en nefnd lögfræðinga hefur skilað áliti sínu eftir miðjan febrúar nk.

Starf nefndar kirkjuráðs um launamál, launaskipulag og stofnanasamninga liggur niðri þar til nefnd lögfræðinga hefur skilað áliti sínu eftir miðjan febrúar nk.

## 4. ÖNNUR MÁL

*a) Kauptilboð í Laugaveg 31.*
Séra Gísli Gunnarsson kynnti samskipti sem hafa átt sér stað við fasteignasölu frá síðasta fundi.
Kirkjuráð samþykkti að hvorki stæði til að leigja né selja Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, að svo stöddu.

*b) Fyrirspurn frá kirkjuráðsmanni um skimun presta og starfsfólks kirkjunnar.*
Biskup greindi frá gildandi reglum sem finna má í 5. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:40.
Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á morgun, þriðjudaginn 2.2.2016 á Biskupsstofu.
Marsfundur kirkjuráðs verður haldinn í Skálholti 8. mars.

| | |
|---|---|
| Agnes M. Sigurðardóttir,<br>biskup Íslands. | Þorvaldur Víðisson,<br>ritari. |
| Séra Elínborg Gísladóttir. | Séra Gísli Gunnarsson. |
| Stefán Magnússon. | Svana Helen Björnsdóttir. |